



## ERINDISBRÉF HVERFARÁÐA RANGÁRÞINGS YTRA

### Umboð og hlutverk

#### 1. grein

Hverfaráð starfa í umboði sveitarstjórnar Rangárþings ytra með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í þessari samþykkt og eftir því sem samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra og sveitarstjórnarlög kveða á um.

Hverfaráð Rangárþings ytra skulu vera fjögur talsins og starfa á Hellu, í Holta- og Landsveit, í gamla Djúparhreppi og í dreifbýli Rangárvalla.

Fyrirkomulagið sem fram kemur í þessu erindisbréfi er á tilraunastigi og hefur sveitarstjórn heimild til að endurskoða það eftir þörfum.

### Verksvið og markmið

#### 2. grein

Markmið hverfaráða eru eftirfarandi:

- Að vinna að auknu íbúalýðræði með þátttöku íbúa.
- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunamál og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi hverfi.
- Að vera vettvangur hverfisins fyrir samráð íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs við sveitarstjórn.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa til að vera virkir þátttakendur í stefnumörkun Rangárþings ytra innan viðkomandi hverfis.
- Að senda tillögur til sveitarstjórnar um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi hverfis.
- Að stuðla að hverskonar samstarfi innan hverfis.



## Erindisbréf nefnda Rangárþings ytra – Kjörtímabilið 2022-2026

- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnýslu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs hvers hverfis.
- Að stuðla að meiri tengingu á milli stjórnkerfis sveitarfélagsins og íbúa þess og nýta þekkingu íbúanna á sínu nærumhverfi.

Leitast skal við að fá umsögn hverfaráða um stærri framkvæmdir og meginbreytingu á þjónustu á þeirra starfssvæði áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar þar um í sveitarstjórn.

### Skipan

#### 3. grein

1. Hverfaráð eru skipuð þremur fulltrúum skipuðum af sveitarstjórn og þremur varamönnum. Sveitarstjórnarfulltrúar eru ekki kjörgengir í hverfaráð. Auglýst skal eftir fulltrúum í ráðin á opinberum vettvangi.
2. Sveitarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna meðlima hverfaráða. Hverfaráð skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil hverfaráða er það sama og kjörtímabil sveitarstjórnar.
3. Að auki skipar sveitarstjórn einn sveitarstjórnarfulltrúa til setu á fundum hvers hverfisráðs og hafa þeir þar málfrelsi, en ekki tillögu- eða atkvæðisrétt. Hlutverk þeirra er að vera til ráðgjafar og veita upplýsingar um þau mál sem til umfjöllunar eru á fundum hverfaráðanna og snerta viðkomandi hverfi.
4. Varamenn hafa, ef þeir óska þess, rétt til setu á fundum hverfaráða með málfrelsi.
5. Fulltrúar hverfaráða skulu hafa sterka tengingu við viðkomandi hverfi, með eigin búsetu.
6. Kjörgeng teljast öll sem hafa náð 18 aldri og uppfylla að öðru leyti skilyrðin sem þessar reglur kveða á um.
7. Seta í hverfisráði er ekki launuð en í fjárhagsáætlun hvers ár skal taka afstöðu til fjármagns sem ráðstafa skal til hverfaráða í samræmi við tillögur hverfaráða.



## Verkstjórn og verkaskipting

### 4. grein

Formenn hverfaráða eru í forsvari fyrir þau um stefnumótun og ákvarðanir þeirra eftir því sem við á. Sveitarstjórn ber ábyrgð á rekstrarkostnaði og framkvæmd ákvarðana hverfaráðanna. Hverfaráð gera sveitarstjórn grein fyrir áætluðum rekstrarkostnaði næsta almanaksárs fyrir lok september ár hvert. Hverfaráð geta ekki stofnað til útgjalda eða skuldbindinga nema með samþykki sveitarstjórnar.

## Boðun funda og fundarsköp

### 5. grein

Formaður hverfisráðs boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins, og þau mál sem sveitarstjórn/stjórnkerfi sveitarfélagsins hefur sent hverfisráði til umfjöllunar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Hverfaráð skulu halda að lágmarki tvo fundi á ári. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

Fundarsköp fara eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra eftir því sem við á.

Hverfaráð hafa fundaraðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins.

## Fundaskipulag og ritun fundagerða

### 6. grein

Fundir hverfaráða skulu alla jafna haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum þeirra. Hverfaráðum er þó heimilt að hafa



## Erindisbréf nefnda Rangárbæings ytra – Kjörtímabilið 2022-2026

fundi sína opna fyrir íbúum viðkomandi hverfis. Skal þá gera ráð fyrir sérstökum dagskrárlið: Fyrirspurnir og athugasemdir frá íbúum. Fyrirspurnir og athugasemdir má senda hverfisráðinu fyrirfram eða bera fram á fundinum.

Hverfaráð skulu skrá fundargerðir og senda afrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum. Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Fundargerðirnar eru teknar fyrir á fundum sveitarstjórnar sem tekur þær til formlegrar afgreiðslu.

Markaðs- og kynningarfulltrúi er starfsmaður hverfaráðanna. Hann undirbýr og boðar fundi nefndarinnar í samráði við formann og annast ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Markaðs- og kynningarfulltrúi hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

Markaðs- og kynningarfulltrúi sér um að aðstoða ráðin við upplýsingaöflun úr stjórnkerfi sveitarfélagsins og að upplýsa hverfaráðin um afgreiðslu nefnda sveitarfélagsins og sveitarstjórnar.

## Gildistaka

### 7. grein

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 128/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Rangárbæing ytra.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Rangárbæings ytra þann 14. febrúar 2024 og tekur þegar gildi.